



# Sjálfsmatsskýrsla 2022-2023

Mat á skólastarfi Grunnskólans Hellu

[Stýrihópur um sjálfsmat](#)

Helena Hansdóttir Aspelund, Íris Dögg Jónsdóttir, Muhammad Azfar Karim, Steinar Tómasson og Særún Sæmundsdóttir.

# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	2
1. Inngangur .....	3
2. Mat á skólastarfi Grunnskólans á Hellu .....	3
2.1 Markmið og tilgangur matsins.....	3
2.2 Sjálfsmatsaðferð Grunnskólans á Hellu .....	3
2.3 Viðmið og matsspurningar .....	4
2.4 Gögn sem liggja til grundvallar greiningu.....	5
3. Einkenni skólans .....	5
4. Stefna og markmið Grunnskólans á Hellu .....	6
5. Mat á skólastarfinu .....	6
6. Umfjöllun um þá þætti sem tengjast matsspurningum skólaársins .....	7
6.1 Stuðlar skólinn að framförum og áhuga á lestri?.....	7
6.2 Er námsumhverfið hvetjandi, skapandi og fjölbreytt og tekur mið af mismunandi þörfum nemenda?.....	9
7. Ógnanir.....	11
8. Umbætur.....	12
9. Niðurstöður.....	12
9.1 Stuðlar skólinn að framförum og áhuga á lestri?.....	13
9.2 Er námsumhverfið hvetjandi, skapandi og fjölbreytt og tekur mið af mismunandi þörfum nemenda?.....	14

# 1. Inngangur

Hér verður gerð grein fyrir skólastarfi Grunnskólans á Hellu og með hvaða hætti lagt er mat á starfið sem þar fer fram. Fyrst verður gerð grein fyrir markmiðum, tilgangi og sjálfsmatsaðferð skólans, þeim viðmiðum sem hann setur sér, matsspurningum og þeim gögnum sem notuð voru við matið. Þá er fjallað um afmarkaða þætti skólastarfsins út frá þeim matsspurningum sem lagðar eru til grundvallar á skólaárinu 2022-2023. Í síðari hluta skýrslunnar er fjallað um mat á skólastarfinu, umbætur sem framkvæmdar voru og umbætur fyrir næsta skólaár kynntar. Þessi skýrsla er sú tólfta sem gefin er út og gerir grein fyrir skólastarfi og umbótum skólans út frá könnunum, prófum og samstarfsfundum.

## 2. Mat á skólastarfi Grunnskólans á Hellu

### 2.1 Markmið og tilgangur matsins

Markmið matsins er lögum samkvæmt að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun, tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla, auka gæði náms og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (lög um grunnskóla nr. 91/2008). Grunnskólinn á Hellu metur innra starf skólans með kerfisbundnum hætti með virkri þátttöku nemenda, foreldra og starfsmanna eftir því sem við á.

Tilgangur sjálfsmatsins er einkum sá að gera starfsfólki skólans auðveldara að vinna að markmiðum skólans, vinna skólanum gagn með markvissu umbótastarfi og upplýsa yfirvöld og almenning um starfið.

### 2.2 Sjálfsmatsaðferð Grunnskólans á Hellu

Sjálfsmat Grunnskólans á Hellu grundvallast á lögum um grunnskóla, aðalnámskrá grunnskóla, stefnu skólans og skólanámskrá. Leitast er við að beita fjölbreyttum aðferðum við sjálfsmatið, bæði formlegum og óformlegum. Formlegu aðferðirnar felast í því að skoða á kerfisbundinn hátt gögn sem snúa að skólastarfinu og þær óformlegu felast í þeim ákvörðunum sem teknar eru frá degi til dags og umræðum á starfsmannafundum, kennarafundum, stigsfundum, foreldrafundum og skólaráðsfundum auk starfsmannaviðtala. Í skýrslunni er gerð grein fyrir innra mati skólans, matið

er altækt og nær til allra þátta skólastarfsins. Lokahluti matsins greinir frá umbótaáætlun sem niðurstöður matsins eru byggðar á.

Sjálfsmati Grunnskólans á Hellu er ætlað að mæla hvernig skólanum hefur tekist að ná tilætluðum árangri. Í lok hvers skólaárs er settur saman stýrihópur sem tekur til starfa í upphafi hvers skólaárs og sér um að skipuleggja matsverkefnið og innleiða vinnulag við þau. Við mat á skólastarfinu eru notaðar kannanir sem Skólapúlsinn framkvæmir en Skólapúlsinn er óháður úttektaraðili sem vinnur fyrir grunnskóla landsins.

Skólaárið 2022-2023 vann 5 manna teymi að innra matinu og fundaði að meðaltali aðra hverja viku frá því fyrir áramót. Í teyminu sátu deildarstjóri ásamt fjórum kennurum sem koma að kennslu nemenda á öllum stigum skólans. Mestur tími fór í að endurskoða innra matið með það að markmiði að gera það meira lifandi, einfaldara og skilvirkara. Mótaðir voru verkferlar (verkáætlun) til að vinna eftir, rýnt í skólapúls nemenda og foreldra ásamt því að leita hugmynda frá foreldrum, kennurum og nemendum til að bæta skólastarfið. Ákveðið var á fyrsta fundi teymisins að skipta matsspurningum skólans sem eru 6 niður á 3 ár. Í ár og framvegis ár hvert verður því sjónum beint að tveimur matsspurningum og leitast við að svara þeim í máli og myndum jafnóðum yfir skólaárið á heimasíðu skólans.

Fyrir liggur verkáætlun um sjálfsmat Grunnskólans á Hellu sem nálgast má á heimsíðu skólans. Skólaráð er samstarfsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólalald. Það tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann í samræmi við stefnu sveitarfélagsins um skólalald.

### ***2.3 Viðmið og matsspurningar***

Eftirfarandi gögn voru notuð sem viðmið við matið:

1. Lög og reglugerðir.
2. Matsspurningarnar sex byggja á einkunnarorðum skólans, virðing, vinátta, víðsýni.
  1. Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórnun?
  2. Líður starfsmönnum og nemendum vel í skólanum og eru þeir ánægðir með skólann sem vinnustað?
  3. Stuðlar skólinn að framförum og áhuga á lestri?
  4. Stuðlar skólinn að heilbrigðum lífsstíl?
  5. Er násumhverfið hvetjandi, skapandi og fjölbreytt og tekur mið af mismunandi þörfum nemenda?

## 6. Stuðlar skólinn að góðum samskiptum við nærsamfélagið?

### 2.4 Gögn sem liggja til grundvallar greiningu

1. Stefnumiðað árangursmat Grunnskólans á Hellu (verkáætlun)
2. Niðurstöður Skólapúlsins úr nemenda-, foreldra- og starfsmannakönnunum.
3. Niðurstöður lesfimiprófa
4. Fundargerðir starfsmannafunda, samráðsfunda og stigsfunda.
5. Efni frá kennurum, foreldrum, nemendum og öðrum starfsmönnum sem innra mats nefndin hverju sinni kallar eftir.

Gæði skólastarfsins voru metin með því að bera viðmiðin saman við niðurstöðurnar. Á grundvelli matsins voru teknar ákvarðanir um breytingar sem miða að því að bæta og þróa skólastarfið.

## 3. Einkenni skólans

Grunnskólinn á Hellu er heildstæður grunnskóli sem starfar í tíu bekkjardeildum og á yfirstandandi skólaári voru 140 nemendur skráðir í skólann þegar mest var. Staðsetning Grunnskólans á Hellu er að Útskálum 6 – 8 á Hellu. Skólaárið skiptist í þrjár annir; haustönn, miðönn og vorönn. Skólastjóri Grunnskólans á Hellu er Kristín Sigfúsdóttir, aðstoðarskólastjóri er Kristinn Ingi Austmar Guðnason og deildarstjóri er Særún Sæmundsdóttir. Heildarfjöldi starfsmanna er 43, þar af 21 kennari í 17,5 stöðugildum og stjórnendur í 2,5 stöðugildum. Aðrir starfsmenn sem starfa við skólann eru: skólaliðar, stuðningsfulltrúar, þroskaþjálfari, matráður, aðstoðarmenn matráðs, ritari og húsvörður. Athuga ber að starfsmenn starfa í mismunandi stöðugildum. Þrír skólabílstjórar aka nemendum úr dreifbýlinu að og frá skóla. Að skólastarfinu koma einnig starfsmenn á vegum Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu. Má þar nefna forstöðumann og kennsluráðgjafa.

Skóladagatal, starfsáætlun og aðrar upplýsingar um skólastarfið er að finna á heimasíðu skólans sem er uppfærð reglulega. Skólahverfi Grunnskólans á Hellu nær yfir svæðið frá mörkum sveitarfélagsins í austri að Ytri-Rangá í vestri. Auk þess teljast Pykkvibær og bæirnir í Bjóluhverfi og á Ægissíðu til skólahverfisins. Skóladagheimili, fyrir nemendur úr 1. – 4. bekk, er starfrækt alla daga vikunnar eftir að skóla lýkur til kl. 16:00

Við skólann er starfrækt mötuneyti, sem staðsett er í íþróttahúsinu. Mötuneytisþátttaka er hluti af skólastarfinu og er hádegishlé nemenda fellt inn í stundaskrá þeirra. Þess má geta að skólamáltíðir eru fríar fyrir alla nemendur skólans.

## 4. Stefna og markmið Grunnskólans á Hellu

Einkunnarorð skólans eru *virðing, vinátta og víðsýni* og byggja leiðarljós skólans á þeim.

Leiðarljós Grunnskólans á Hellu eru einnig byggð á lögum og reglugerðum um grunnskóla og aðalnámskrá grunnskóla. Í Aðalnámskrá grunnskóla 2011, almennum hluta bls. 30, segir: „*Grunnskólinn tekur við af leikskóla og leggur grunn að áframhaldandi námi og lífi í sjálfbæru samfélagi. Skólinn er vinnustaður nemenda um tíu ára skeið á mikilvægu þroska- og mótunarskeiði þeirra. Grunnskólinn er því mikilvægur liður í ferli einstaklingsins til allhliða þroska og almennrar menntunar. Í grunnskóla þarf að skapa skilyrði fyrir nemendur svo að þeir fái notið bernsku sinnar og efli með sér sjálfstraust og félagsfærni, virki sköpunarkraft sinn og rækti skilning á manngildi.*“ Grunnskólinn á Hellu er skóli án aðgreiningar, en það merkir að allt skólahaldið byggist á jafnréttishugsjón og gagnkvæmri virðingu, vináttu og víðsýni samanber einkunnarorð skólans. Í Grunnskólanum á Hellu er leitast við að flétta öllum grunnþáttum menntunar inn í allar námsgreinar, en grunnþættir menntunar eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Einkunnarorð skólans eru á veggspjöldum í öllum kennslustofum skólans og víðar en leiðarljósin má finna á heimasíðu skólans.

## 5. Mat á skólastarfinu

Til að meta árangur og skólastarfið almennt er skólinn í samstarfi við Skólapúlsinn sem gerir árlega kannanir fyrir grunnskóla landsins. Skólapúlsinn hefur gert nemendakönnun í október og apríl og foreldrakönnun og starfsmannakönnun að vori til skiptis annað hvert ár. Þetta skólaár var nemendakönnun lögð fyrir í október og foreldrakönnun í febrúar. Þessar kannanir eru unnar af fagmönnum og gefa mikilvægan samanburð við aðra skóla þar sem stór hluti grunnskóla landsins tekur þátt í þessum könnunum.



Mynd 1. Afrakstur nemanda í textíl.

Litið er á alla fundi sem haldnir eru vegna skólastarfsins sem mikilvæga liði í mati á því starfi sem fram fer innan skólans.

Á fundum innan skólans hefur verið fjallað um það sem er á döfinni hverju sinni og þá sérstaklega tekið mið af skóladagatali. Að auki var farið sérstaklega yfir niðurstöður Skólapúlsins í febrúar þar sem sérstaklega var horft til þeirra tveggja matsspurninga sem horfa átti til í vetur: Hvernig og hvort skólinn stuðli að framförum og áhuga á lestri og hvort námsumhverfi taki mið af mismunandi þörfum nemenda með hvetjandi og skapandi námsumhverfi. Skólastjóri rýndi í niðurstöður foreldrakönnunar út frá sömu spurningum.

Í vetur fundaði skólastjóri reglulega með skólaliðum og stuðningsfulltrúum. Deildarstjóri sérkennslu tók þátt í nokkrum þessara funda. Markmiðið var að stilla saman strengi alls starfsfólks, horfa til þess hvernig best sé að nálgast ákveðna nemendur og gæsla í frímínútum svo eitthvað sé nefnt.

Umbótaáætlun 2023-2024 mótast af þeim fundum og samráði sem hér er upptalið og má nálgast á heimasíðu skólans.




*Mynd 2. Kennslustund í útivist.*

## **6. Umfjöllun um þá þætti sem tengjast matsspurningum skólaársins**

### ***6.1 Stuðlar skólinn að framförum og áhuga á lestri?***

Niðurstöður skólapúlsins gefa til kynna ánægju nemenda af lestri þó ánægja hafi minnkað er skólinn yfir landsmeðaltali hvað það varðar (sjá fylgiskjal 1).

Meðfylgjandi eru niðurstöður lesfimiprófa menntamálastofnunar sem tekin voru í maí, að meðaltali ná tveir árgangar (5. og 7.) ekki viðmiði 1 og aðrir tveir árgangar (6. og 10.) eru á mörkum þess.



Á heimasíðu skólans undir fréttir má sjá frábæran árangur nemenda í 1. bekk varðandi fjölda lesinna bóka. Umsjónarkennari 2. bekkjar lagði fyrir könnun þar sem skoðuð var líðan nemenda gagnvart lestri og voru niðurstöður birtar á heimasíðu skólans í apríl. Niðurstöður sýna að almennt líður nemendum vel gagnvart lestri.

Nemendur í 3. bekk lærðu á klukku í tengslum við heimalestur, söfnuðu mínútum/klukkustundum í heimalestri og fengu ákveðna umbun í skólanum þegar ákveðnu markmiði var náð. Umbunin var að æfa sig í ritvinnslu í tölvu þannig að í umbuninni fólst ákveðið nám. Nemendur fengu síðan tækifæri til að halda áfram að safna mínútum/klukkustundum í heimalestri en umbunin færðist þá yfir á heimilin þar sem foreldrar og barn komu sér saman um ákveðna umbun.

Á heimasíðu skólans undir fréttir má sjá umfjöllun um samlestur hjá nemendum 4. bekkjar sem gefist hefur vel og gerir kennurum kleift að láta fleiri nemendur lesa upphátt í skólanum í hverri viku.

Í vetur hefur mátt sjá margar fréttir frá bókasafninu á heimsíðu skólans sem sýna fjölbreyttar leiðir til að efla áhuga nemenda á lestri. Bókaklúbbarnir virðast höfða vel til nemenda í 4.-7. bekk.

Nemendur á miðstigi (5.-7. bekk) hafa fengið 1 tíma á viku á bókasafni undir stjórn bókasafnskennara á móti



Mynd 3.. Fréttir af bókasafninu



Íslenskukennslu. Þessir tímar hafa gefist mjög vel og auka vonandi löngun nemenda til að lesa bækur sér til gagns og gamans.

Í apríl var send rafræn könnun á foreldra til að fá hugmyndir um hvernig gera má heimalestur nemenda áhugaverðari/skemmtilegri. Þrjátíu svör bárust og þar má sjá fjölbreyttar hugmyndir og leiðir sem foreldrar telja að gagnist bæði vel og illa. Þetta verður kynnt nemendum, kennurum og foreldrum á næsta skólaári.

Innra matsnefndin leitaði til nemenda í 5. - 10. bekk og kennara varðandi hugmyndir um hvernig viðhalda má eða auka áhuga nemenda á lestri. Þær niðurstöður verða kynnta og nýttar á næsta skólaári.

## ***6.2 Er námsumhverfið hvetjandi, skapandi og fjölbreytt og tekur mið af mismunandi þörfum nemenda?***

Engar beinar spurningar í skólapúlslinum meta hvort **námsumhverfi sé hvetjandi, skapandi og fjölbreytt eða hvort tekið sé mið af mismunandi þörfum nemenda**. Skólinn leitast við að starfrækja teymi með foreldrum og öðrum fagaðilum til að mæta mismunandi þörfum nemenda. Boðið er upp á verklega tíma í stað bóklegra fyrir nemendur sem þurfa á því að hald. Á yngsta stigi og miðstigi er leitast við að vera með stuðning inn í bekkjum annað hvort í formi stuðningsfulltrúa, aukakennara, þroskaþjálfara og sérkennara sem vinna með nemendum ýmist inni kennslustofu eða taka nemendur úr kennslustofu í mismunandi stórum hópum, stundum einstaklings.

Nemendur á miðstigi og elsta stigi geta valið úr ákveðnum námsgreinum í list og verkgreinum. Tvær sýningar eru yfir skólaárið, vorhátíð og jólaskemmtun ásamt þemadögum, Bæjarhellan sem er fastur liður í skólastarfinu á hverju ári og dansvika sem er yfirleitt alltaf í janúar. 1.-7. bekkur fær kennslu í umhverfis og útvíst 2 tíma í viku allan veturinn. Með þessu er leitast við að mæta ólíkum þörfum, áhuga og getu hvers einstaklings.

Áhersla er á að koma til móts við þarfir allra nemenda, þar á meðal nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku. Við skólann starfar pólskur kennari og tælenskur stundakennari sem sjá um móðurmálskennslu í pólsku og tælensku.



*Mynd 4. Jólahringekja á yngsta stigi.*


Aðlögun nemenda með annað móðurmál en íslensku verður að teljast góð og árekstrar ekki til staðar. Í vetur hefur skólinn uppfyllt þá túlkabjónustu sem þörf er á fyrir foreldra pólskra, portúgalskra, tælenskra, litháenskra og enskra nemenda á teymisfundum. Bekkir skólans eru hæfilega stórir þannig að auðveldara er fyrir kennara að fylgjast með námsframvindu hvers nemanda og mæta þörfum hans. Stoðkerfi skólans reynist vel og þar fá þeir nemendur sem þurfa einstaklingsbundna námsskrá eða aðlagð námsefni.



Mynd 5. Kynning pólskra nemenda á pólskum jólahæfðum.

Ef rýnt er í niðurstöður skólapúlsins sem lagður var fyrir foreldra í febrúar sést að foreldrar eru almennt ánægðir með hvernig þörfum nemenda er mætt í skólanum. Sá þáttur er yfir landsmeðaltali í niðurstöðum skólapúlsins. Það er áhyggjuefni hversu mörgum nemendum virðist ekki líða nógu vel í kennslustundum, en þar er skólinn marktækt undir landsmeðaltali.


2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt – Ársmeðaltöl



Græna línan sýnir niðurstöðu skólans þau ár sem skólinn hefur tekið þátt í könnuninni. Rauða línan sýnir sömu niðurstöður á landsvísi.

Nemendum virðist almennt líða vel í frímínútum þó foreldrar vildu sjá betri aðstöðu í skólanum, bæði úti og inni. Mikil ánægja er með þær máltíðir sem skólinn býður upp á einnig er mikil ánægja með foreldrasamstarfið. Foreldrar telja sig t.d. almennt geta haft mikil áhrif á ákvarðanir sem teknar eru varðandi nemendur auk þess sem þeir upplifa að leitað sé eftir tillögum frá þeim og þær teknar til greina. Þessir þættir eru langt yfir landsmeðaltali.

#### 4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur – Röðun\*



Á þessari mynd sést hvernig niðurstöður þátttökuskóla dreifast. Niðurstaða skólans er merkt með dökkgrænum punkti á myndinni. Fyrri punktaröðin sýnir niðurstöður lítilla skóla (1-319 nem.) sem eru með nemendur í 1.-10. bekk og seinni punktaröðin sýnir niðurstöður stórra skóla (320+ nem.)

Væntingar foreldra um háskólanám barna sinna eru litlar og er Grunnskólinn Hellu þar langt undir landsmeðaltali. Væntingar til iðnnáms eru þó mun meiri, töluvert yfir landsmeðaltali. Niðurstöður skólalúpsins sýna að nemendur meta þrautseigju sína í námi ekki mikla og mælist skólinn þar talsvert undir landsmeðaltali. Eins virðast þeir hvorki hafa trú á eigin vinnubrögðum í námi né trú á eigin námsgetu. Hvoru tveggja gæti því verið vísbending um að huga þurfi betur að námsumhverfi nemenda sem hafa mismunandi þarfir. Ekki er starfandi námsráðgjafi við skólann sem stendur, það er bagalegt fyrir nemendur sérstaklega á unglingastigi. Í vetur fóru margir starfsmenn á námskeiðið Verkfærakistan sem er á vegum KVAN. Þar fengu þeir ákveðin verkfæri í hendur til að vinna með hópa og einstaklinga í samskipta- og félagslegum vanda. Skólinn stefnir á að innleiða uppeldisstefnuna jákvæður agi inn í skólastarfið næsta vetur og fóru því nokkrir kennara á námskeið í vetur sem mun hjálpa til við innleiðinguna. Hvorutveggja jákvæður agi og verkfærakista KVAN mun vonandi hjálpa Grunnskólanum Hellu við að halda betur utan um nemendur skólans, styrkja góða líðan og sjálfstraust til að geta sem best tekist á við námið og lífið.

## 7. Ógnanir

Skólaárið 2022-2023 fór eiginleg SVÓT greining ekki fram í skólanum en stýrihópur innra mats hóf sína vinnu í haust á SVÓT greiningu varðandi innra mat sem kynnt var á kennarafundi 29. nóvember og fylgir hér:

### Styrkleikar innra mats

- Bætir og eflir skólastarfið
- Starfsmenn verða meira meðvitaðir um stefnu skólans og hvað er verið að gera.
- Hjálpar okkur við að sjá hvað þarf að bæta í skólastarfinu
- Starfsmannahópurinn kryfur skólastarfið í samtali (SVÓT greining)
- Hjálpar okkur við að koma auga á það sem við erum góð í, getum notað það til að lyfta okkur upp svo við verðum meðvituð og stolt af skólanum okkar og því starfi sem þar fer fram.

### **Veikleikar innra mats**

- Horft of vítt á vandamál innan skólans.
- Þurrar leiðinlegar skýrslur sem enginn nennir að lesa/skoða.
- Of fáir sem koma að því að búa til innra mats skýrsluna.

### **Ógnanir innra mats**

- Tímaleysi kennarans og starfsfólks
- Ekki gert ráð fyrir vinnu gagnvart innra mati í vinnuramma kennara.

### **Tækifæri innra mats**

- Með aðkomu fleiri aðila að innra matinu eflist víðsýni og metnaður innan skólasamfélagsins.
- Efla jákvæða orðræðu um eigið starf og ágæti.

## **8. Umbætur**

Innra mats nefnd hvers skólaárs fylgir eftir þeim umbótum sem skráð hafa verið með því að fylgja verkáætlun skólans. Í umbótaáætlun kemur fram hvenær gert er ráð fyrir að umbætur fari fram og hver ber ábyrgð á að þær séu gerðar.

Umbótaáætlun og sjálfsmatskýrsla ársins 2022-2023 má nálgast á heimasíðu skólans. Verkáætlun til þriggja ára (2022-2025) má nálgast á heimasíðu skólans, en hana þarf að uppfæra skólaárið 2024-2025.

## **9. Niðurstöður**

Þær kannanir sem skólinn fer yfirleitt í gegnum á skólaárinu eru yfirgripsmiklar og taka á flestum sviðum skólastarfsins en margt er þó erfitt að mæla. Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í

október og foreldrakönnun var lögð fyrir í apríl. Gott samtal um niðurstöður skólapúlsins (fylgiskjal 1) í hópum A, B og C sem getið er í verkáætlun er góð leið til að meta skólastarfið og leita jafnframt lausna við að bæta það sem þarf. Þar sem mestur tími innramatsnefndar í vetur fór í að móta verkferla og leiðir, voru þessi samtöl ekki markviss yfir veturinn en fyrir liggja hugmyndir og niðurstöður frá áðurnefndum hópum sem nýttar verða í úrbótavinnu næsta skólaár. Stjórnendur telja mikilvægt að umræður um niðurstöður skólapúlsins sem og umræður um úrbætur fari fram innan nemendahópsins þannig að raddir nemenda heyrist og þeir sjái tilganginn með að taka kannanir skólapúlsins.

### ***9.1 Stuðlar skólinn að framförum og áhuga á lestri?***

Niðurstöður lesfímiprófa sýna að nemendur á miðstigi ná að meðaltali ekki viðmiði 1 á maíprófi Menntamálastofnunar. Halda þarf betur utanum niðurstöður lesskilningsprófanna Orðarún sem lögð eru fyrir nemendur í 3. – 8. bekk, rýna í niðurstöður þeirra og fylgja eftir út frá hverjum einstaklingi.

Niðurstöður Skólapúlsins sýna að nemendur hafa ánægju af lestri og er mikilvægt að viðhalda þeim áhuga með góðu aðgengi nemenda að bókum/lesefni og tækifærum til að lesa sér bæði til ánægju og fróðleiks. Lestrarstefna Grunnskólans á Hellu hefur ekki enn litið dagsins ljós en mikilvægt er að vinna hana áfram með það að markmiði að gera nemendur sem best læsa og styðja við hvern og einn í lestri út frá einstaklingsþörfum. Lestrarstefnuna þarf því að vinna í þverfaglegu samstarfi allra það er nemenda, foreldra, kennara og stjórnenda. Fjölbreytt verkefni virðast vera í gangi á yngsta stigi samkvæmt fréttum á heimasíðu skólans. Bókasafnið hefur staðið fyrir fjölbreyttum leiðum til að efla áhuga nemenda á lestri og þeir tímar á bókasafni sem nemendur á miðstigi fá hafa gefist mjög vel.

Samkvæmt þessu þarf að horfa til þess hvernig bæta má lesfimi nemenda á miðstigi sem og auka áhuga nemenda unglingsstigs á lestri. Þarna gætu nýst hugmyndir nemenda í 5.-10. bekk sem innra mats nefnd kallaði eftir í apríl-maí 2023.

## ***9.2 Er námsumhverfið hvetjandi, skapandi og fjölbreytt og tekur mið af mismunandi þörfum nemenda?***

Í grunninn er daglegur gangur í skólastarfinu hefðbundinn en innan þess ramma hafa kennarar svigrúm til að útfæra sínar leiðir í kennslunni. Með þessum sveigjanleika leynist möguleiki á fjölbreytni í kennslu sem kennarar nýta sér að ákveðnu marki innan og milli árganga.

Töluvert af vinnu nemenda fer fram í samstarfi þvert á bekki. Má þar nefna smiðjur í list- og verkgreinum á yngsta- og miðstigi, SNS-val á miðstigi, sameiginlega íþróttatíma í mörgum bekkjum og valgreinar á unglíngastigi. Þessi atriði hafa m.a. jákvæð áhrif á skólabraginn sem og sýningar og þemadagar sem eru fastir liðir í skólastarfinu.

Samkvæmt niðurstöðum skólapúlsins sem lagður var fyrir foreldra er almenn ánægja með hvernig þörfum nemenda er mætt í skólanum en þeir kalla eftir betri aðstöðu. Foreldrar virðast hafa meiri væntingar til iðnnáms en háskólanáms barna sinna.

Í niðurstöðum skólapúlsins sem lagður var fyrir nemendur í október virðast þeir hvorki hafa trú á eigin vinnubrögðum né trú á eigin námsgetu (þrautseigju), þar mælist skólinn undir landsmeðaltali. Innra matsnefndin veltir fyrir sér hvort huga þurfi betur að fjölbreyttu námsumhverfi nemenda með fjölbreyttar þarfir sem séu í takt við væntingar bæði foreldra og barna.

Stór hluti kennara tók þátt í KVAN námskeiði sem telja má að gagnist vel til að vinna með samskipti og félagsfærni í fjölbreyttum nemendahópi með mismunandi þarfir. Skólinn stefnir á að innleiða uppeldisstefnuna Jákvæður agi næsta skólaár.


## Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1, samantekt úr skólapúlsi nemenda frá því í október


### Helstu niðurstöður úr Skólapúlsi Grunnskólans á Hellu

### Lagður fyrir nemendur í 6.-10. bekk í október 2022

*Nemendur er yfir landsmeðaltali hvað varðar ánægju af lestri.*




Á þessari mynd sést hvernig meðaltöl þátttökuskóla dreifast. Meðaltal skólans er merkt með dökkgrænum punkti á myndinni og rauða línan sýnir vigtað landsmeðaltal viðmiðunarhópsins þar sem skólar fá vægi í samræmi við stærð. Munur uppá 0,5 stig telst ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. Fyrsta punktaröðin sýnir niðurstöður í skólum með einungis 1.-7. bekk. Næsta punktaröð sýnir niðurstöður lítilla skóla (1-319 nem.) sem einnig eru með nemendur úr 8.-10. bekk. Seinasta punktaröðin sýnir niðurstöður stórra skóla (320+ nem.) sem einnig eru með nemendur úr 8.-10. bekk.




Þessi mynd sýnir árgangamun meðal svarenda í skólanum samanborið við viðmiðunarhópinn. Niðurstöður fyrir hvern árgang eru birtar þegar lágmarksfjöldi er náð.

*Þrautseigja nemenda í námi mælist talsvert undir landsmeðaltali*

## 1.2. Þrautseigja í námi – Röðun\*



## 1.2. Þrautseigja í námi – Árgangamunur\*




Þessi mynd sýnir árgangamun meðal svarenda í skólanum samanborið við viðmiðunarrhópinn. Niðurstöður fyrir hvern árgang eru birtar þegar lágmarksfjöldi er náð.

*Áhugi á stærðfræði fer vaxandi*




### 1.3. Áhugi á stærðfræði – Ársmeðaltöl



Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli ára í samanburði við þróunina á landinu í heild.


### 1.3. Áhugi á stærðfræði – Kyn\*



Þessi mynd sýnir kynjamun meðal svarenda í skólanum, samanborið við kynjamun á meðal svarenda í viðmiðunarahópnum. Niðurstöður fyrir hvort kyn eru birtar þegar lágmarksfjöldi er náð.



**Áhugi á náttúrufræði dalar en er á landsmeðaltali, bæði hjá stelpum og strákum. 6. bekkurinn virðist hafa minnstan áhuga á náttúrufræði en 10. bekkur mikinn.**

### 1.4. Ánægja af náttúrufræði – Ársmeðaltöl




Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli ára í samanburði við þróunina á landinu í heild.

*Nemendur virðast hvorki hafa trú á eigin vinnubrögðum í námi né trú á eigin námsgetu.*




**Sjálfsálit nemenda er rétt fyrir neðan meðaltal, hefur þó aðeins vaxið milli ára. Drengir hafa meira álit á sér en stúlkur. Álit stúlkna hefur samt vaxið.**

2.1. Sjálfsálit – Kyn




2.1. Sjálfsálit – Árgangamunur



Þessi mynd sýnir árgangamun meðal svarenda í skólanum samanborið við viðmiðunarhópinn. Niðurstöður fyrir hvern árgang eru birtar þegar lágmarksfjöldi er náð.


**Nemendur meta stjórn á eigin lífi undir landsmeðaltali.**

2.2. Stjórn á eigin lífi – Ársmeðaltöl




Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli ára í samanburði við þróunina á landinu í heild.

**Vellíðan nemenda mælist nokkurn vegin á landsmeðaltali, drengjum líður betur en stúlkum.**




Þessi mynd sýnir kynjamun meðal svarenda í skólanum, samanborið við kynjamun á meðal svarenda í viðmiðunarhópnum. Niðurstöður fyrir hvort kyn eru birtar þegar lágmarksfjöldi er náð.

**Einelti mælist fyrir ofan landsmeðaltal og hefur aukist. Mælist hátt hjá stúlkum en er líka að hækka hjá drengjum. Það sem hækkar okkur upp eru svör frá 7. og 9. bekk sem eru marktækt yfir landsmeðaltal.**




Þessi mynd sýnir kynjamun meðal svarenda í skólanum, samanborið við kynjamun á meðal svarenda í viðmiðunarhópnum. Niðurstöður fyrir hvort kyn eru birtar þegar lágmarksfjöldi er náð.



Þessi mynd sýnir kynjamun meðal svarenda í skólanum frá ári til árs, samanborið við kynjamun á meðal svarenda í viðmiðunarhópnum. Niðurstöður fyrir hvort kyn eru birtar þegar lágmarksfjöldi er náð.


## 2.5. Einelti – Árgangamunur\*



Þessi mynd sýnir árgangamun meðal svarenda í skólanum samanborið við viðmiðunarhópinn. Niðurstöður fyrir hvern árgang eru birtar þegar lágmarksfjöldi er náð.

**Samsömun við nemendahópinn hefur farið niður á við, mælist undir landsmeðaltali. Mest áberandi hjá 8. og 9. bekk og minnst samsvörun við nemendahópinn hjá stelpum.**


## 3.1. Samsömun við nemendahópinn – Kyn\*



Þessi mynd sýnir kynjamun meðal svarenda í skólanum, samanborið við kynjamun á meðal svarenda í viðmiðunarhópnum. Niðurstöður fyrir hvort kyn eru birtar þegar lágmarksfjöldi er náð.


**Samband nemenda við kennara mælist vel undir landsmeðaltali, dalar frá síðustu könnun hjá báðum/öllum kynum. 10. bekkur fylgir þó landsmeðaltali.**

## 3.2. Samband nemenda við kennara – Ársmeðaltöl




Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli ára í samanburði við þróunina á landinu í heild.

**Agi í tímum mælist mun lægri miðað við undanfarin 3 skólaár, er þó yfir landsmeðaltali. Að mati nemenda, sérstaklega stúlkna, hefur agi því minnkað mikið í kennslustundum.**




Þessi mynd sýnir kynjamun meðal svarenda í skólanum frá ári til árs, samanborið við kynjamun á meðal svarenda í viðmiðunarskólum. Niðurstöður fyrir hvort kyn eru birtar þegar lágmarksfjöldi er náð.

**Virk þátttaka nemenda í tímum mælist langt undir landsmeðaltali hjá báðum/öllum kynum. Í öllum bekkjum nema 10. bekk finnst nemendum þeir ekki fá tækifæri til að tjá skoðandir sínar og taka þátt í opnum og skipulögðum umræðum um námsefnið.**



Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli ára í samanburði við þróunina á landinu í heild.


### 3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum – Árgangamunur\*



Þessi mynd sýnir árgangamun meðal svarenda í skólanum samanborið við viðmiðunarhópinn. Niðurstöður fyrir hvern árgang eru birtar þegar lágmarksfjöldi er náð.


**Tíðni leiðsagnarmats mælist undir landsmeðaltali og hefur dalað frá síðustu mælingu. Strákum finnst þeir fá meiri leiðsögn en stelpur. Hjá 8. og 9. bekk var mest áberandi að nemendur teldu sig ekki fá leiðbeinandi mat.**

### 3.5. Tíðni leiðsagnarmats – Kyn\*



Þessi mynd sýnir kynjamun meðal svarenda í skólanum, samanborið við kynjamun á meðal svarenda í viðmiðunarhópnum. Niðurstöður fyrir hvort kyn eru birtar þegar lágmarksfjöldi er náð.

### 3.5. Tíðni leiðsagnarmats – Ársmeðaltöl eftir kyni



Þessi mynd sýnir kynjamun meðal svarenda í skólanum frá ári til árs, samanborið við kynjamun á meðal svarenda í viðmiðunarhópnum. Niðurstöður fyrir hvort kyn eru birtar þegar lágmarksfjöldi er náð.

***Hvað finnst þér gott um skólann, opin svör (nefnt oftast en einu sinni)***

6.-7.bekkur: Vinir, matur, íþróttir, kennarar

8.-10.bekkur: Félagslífið, vinir, kennarar, passleg stærð á skóla og bekk. Símar eru leyfðir.

***Hvað finnst þér slæmt um skólann, opin svör (nefnt oftast en einu sinni)***

6.-7.bekkur: Símar bannaðir, talsmáti hjá öllum (orðaval, tónn og ókurteisi)

8.-10.bekkur: Ekki hlustað á allar raddir nemenda